



**Aðalfundur 2018**

**Aðalfundargerð**

## Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands 2018

Hvanneyri 9. apríl 2018

### Dagskrá

Kl. 13.00

1. Fundur settur, skipan starfsmanna
2. Skýrsla formanns Þórhildar Þorsteinsdóttur
3. Ávarp gesta. – Eiríkur Blöndal, stjórnarmaður Bændasamtaka Íslands
4. Afgreiðsla kjörbréfanefndar
5. Ársreikningur lagður fram. – Torfi Bergsson
6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
7. Afgreiðsla reikninga
8. Tillögur lagðar fram
9. Nefndarstörf
10. Afgreiðsla mála

#### **Kaffihlé**

11. Kosning stjórnar og varastjórnar
12. Kosning Búnaðarþingsfulltrúa og varamanna þeirra
13. Kosning skoðunarmanna og endurskoðenda
14. Önnur mál
15. Fundarslit

### 1. Fundarsetning

Mánudaginn 9. apríl 2018 var aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn í húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

Fundinn setti formaður Búnaðarsamtaka Vesturlands, Þórhildur Þorsteinsdóttir og bauð hún gesti og fundarmenn velkomna. Þórhildur gerði að tillögu sinni að Jón Gíslason yrði fundarstjóri og lagði til að ritari fundarins væri Ingveldur H. Ingibergsdóttir. Var sú tillaga samþykkt og það formaður fundarstjóra að taka við stjórn fundarins. Fundarstjóri skipaði í kjörbréfanefnd, Valberg Sigfússon, Unni Sigurðardóttur og Kristján Magnússon og tóku þau þegar til starfa.

### 2. Skýrsla formanns Búnaðarsamtaka Vesturlands fyrir árið 2017

Rekstur Búnaðarsamtaka Vesturlands gekk ekki nógu vel árið 2017 og er rekstur samtakanna gerður upp með með tölverðu tapi eins og ársreikningurinn sýnir. Að vera með tap um 12,3 millj.kr er ekki ásættanleg niðurstaða en engu að síður staðreynd. Seld þjónusta eykst um 7,5 millj. Kr eða um 8,8% en starfsfé lækkar um 5,3 millj. Kr eða um 25,5% og munar þar mestu um búnaðargjaldið. Útgjöldin aukast um 14,8 Millj.kr eða um 14,7 %. Þar munar mest um hækkun launa en þau hækkuðu um 9,1 millj.kr eða um 15,1%. Til að mæta þessum hækkunum þá má segja að við höfum brugðist of seint við, með hækkun á verðskrá.

Starfssemi BV var með hefðbundnu sniði á árinu, sæðingarstarfsemi bæði í nautgriparækt og sauðfjárrækt, bændabókhald, klaufsnyrting, lögbundnar úttektir á þróunar- og jarðabótaverkefnum og umsóknum fyrir Framleiðnisjóð. Einnig var tölvert að gera í sambandi við túnkortagerð sl. haust og sem áður þá leigjum við bróðurpart af okkar húsnæði til RML.

Torfi Bergsson var framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs í 30% starfi til áramóta og hefur sinnt framkvæmdastjórastarfi BúVest síðan 1. júlí sl.

Starfssemi sauðfjársæðingarstöðvarinnar í desember sl. gekk vel, aðeins fækkun var á milli ára í seldu sæði en að öðru leyti gekk sá rekstur ágætlega.

Guðmundur Sigurðsson lét af störfum hjá okkur sl. sumar og um síðustu áramót lét Guðmundur Hallgrímsson af störfum hjá samtökunum. Við færum þeim kærar þakkir fyrir þeirra störf í þágu samtakanna.

Aðalfundur samtakanna var haldin hér á Hvanneyri í apríl á síðasta ári, var það ágætisfundur í marga staði þó svo að hann markaði ekki nein tímamót í starfi samtakanna.

Á aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða sem var haldin í apríl í fyrra var samþykkt að leita eftir frekari samstarfi með jafnvel með sameiningu í huga. Ekki hefur fréttst meir af þessum vangaveltum fyrr en nú. En menn eru að velta þessu fyrir sér, þá hvort Vestfirðingar myndu gerast félagsmenn í Búnaðarsamtökum Vesturlands, greiða sitt félagsgjald hingað inn og njóta um leið sömu kjara á þjónustu og okkar félagsmenn. Þetta er umræða sem við þurfum að taka hér, til að geta sent skilaboð á aðalfund þeirra nk. föstudag um hvort okkur hugnast þetta.

Formannafundur Bændasamtakanna var haldin í nóvember sl. og var þar farið yfir hin ýmsu mál en fyrirferðamest var umræðan um félagskerfið og innheimta félagsgjalda.

Á síðasta ári funduðu formenn og framkvæmdastjórar búnaðarsambanda Eyjafjarðar, Húnaþings og Stranda, Suðurlands og Vesturlands tvisvar sinnum. Voru menn að bera saman bækur sínar hvað varðar félagskerfið, verkefni búnaðarsambandanna og síðast en ekki síst hlutverki og tilgangi sambandanna. Voru þetta góðir fundir þar sem hreinskiptar umræður fóru fram.

Auk þeirra funda og mála sem hafa verið rakin hér að ofan hefur formaður sótt ýmsa fundi og viðburði sem tengjast landbúnaðarmálum á einn eða annan hátt.

Stærsta mál Búnaðarsamtaka Vesturlands á yfirstandandi árum er fjármögnun og rekstur BV til framtíðar. Það er undir okkur sjálfum komið hvernig starfssemi BV verður til framtíðar litið. Nú er tækifærið að ræða og móta stefnu um hvernig bændur sjá rekstur og framtíð þessara ágætu samtaka. Framundan eru ýmsar áskoranir en um leið fullt af tækifærum í íslenskum landbúnaði.

Eins og fram hefur komið í tölvupósti sem ég sendi öllum bændum hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands gef ég ekki kost á mér til áframhaldandi setu sem formaður BV. Mig langar af því tækifæri að færa öllu því góða starfsfólki Búnaðarsamtaka Vesturlands sem ég kynntist, þakkir fyrir þeirra störf, sem unnin eru af trúmennsku og áhuga. Bændum á Vesturlandi, Vestfjörðum og Kjalarnesi eru færðar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Öllu því frábæra samstarfsfólki sem setið hefur í stjórn BV þakka ég góða samvinnu.

Að lokum vil ég þakka einstaklega ánægjulegt og gott samstarf við þau Anton Torfa Bergsson og Ingveldi I. Ingbergsdóttur sem halda utan um hinn daglega rekstur samtakanna. Ég óska Búnaðarsamtökum Vesturlands heilla um ókomna tíð

### **3. Ávörp gesta**

Eiríkur Blöndal, stjórnarmaður BÍ flutti góðar kveðjur frá stjórn og starfsfólki Bændasamtaka Íslands. Nefndi helstu verkefni BÍ þessa dagana, sem er mest vegna innflutnings á fersku kjöti, eggjum og mjólkurvörum.

### **4. Afgreiðsla kjörbréfanefndar**

Valberg Sigfússon gerði grein fyrir kjörbréfum

#### **Frá Búnaðarfélagi Hvalfjarðar:**

Jón Þór Marinósson

Helgi Már Ólafsson

Hannes A. Magnússon

#### **Frá Búnaðarfélagi Skorradals:**

Karólína Ísleifsdóttir

#### **Frá Búnaðarfélagi Andakíls:**

Eiríkur Blöndal

Egill Gunnarsson

#### **Frá Búnaðarfélagi Lundarreykjadalss – enginn fulltrúi**

#### **Frá Búnaðarfélagi Reykdæla - enginn fulltrúi**

#### **Frá Búnaðarfélagi Þverárþings:**

Davíð Sigurðsson

Ásgeir Ásgeirsson

**Frá Búnaðarfélagi Mýramanna:**

Hálfván Helgason

Unnur Sigurðardóttir

Sigurjón Helgason

**Frá Búnaðarfélagi Kolbeinsstaðahrepps:**

Kristján Magnússon

Albert Guðmundsson

**Frá Búnaðarfélagi Eyja-og Miklaholtshrepps:**

Þröstur Aðalbjarnarson

**Frá Búnaðarfélagi Staðarsveitar:**

Kristján Þórðarson

Sigurjón Grétarsson

**Frá Búnaðarfélagi Eyrarsveitar - enginn fulltrúi**

**Frá Búnaðarfélagi Helgafellssveitar – enginn fulltrúi**

**Frá Búnaðarfélagi Hörðudals:**

Svavar Jóhannsson

**Frá Búnaðarfélagi Miðdala:**

Sigursteinn Hjartarson

Valberg Sigfússon

**Frá Búnaðarfélagi Laxárdals:**

Fanney Þóra Gísladóttir

**Frá Búnaðarfélagi Hvammsfjarðar:**

Guðmundur Gunnarsson

Jón Ingi Ólafsson

Samkvæmt kjörbréfum voru 21 fulltrúar mættir, að auki mætti 1 aðeins seinna og fulltrúar því 22 talsins. Ekki komu fram athugasemdir við þessa fulltrúa og teljast þeir því réttkjörnir.

Samkvæmt félagatali eru félagar 695 þar af 387 gjaldskyldir.

Auk þess sátu fundinn, Ásbjörn K. Pálsson búnaðarþingsfulltrúi og Pétur Diðriksson fyrir LK.

**5. Ársreikningur lagður fram.**

Anton Torfi Bergsson fór yfir framlagðan ársreikning og eru helstu niðurstöður úr rekstrar-og efnahagsreikningi eftirfarandi:

Rekstrartekjur alls kr.109.087.302 .-

Rekstrargjöld alls kr.115.255.474.-

Afskriftir kr.4.890.539.-

Tap fyrir fjármagnsliði er kr.11.058.711 .-

Fjármagnsliðir eru neikvæðir um kr.1.301.764 .-

Hagnaður dótturfélagsins BBV ehf er kr.30.153 .-

Tap ársins er kr. 12.330.322.-

Eignir samtals eru kr.47.490.275 .-

Eigið fé er alls kr.7.016.891.-

Skuldir samtals eru kr.40.473.384 .-

Skuldir-og eigið fé alls kr.47.490.275 .-

**6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.**

*Kristján Magnússon* tók til máls varðandi reikninga Búnaðarsamtakana, lýsti yfir áhyggjum á stöðu samtakanna og velti fyrir sér stöðu annarra búnaðarsambanda. Óskaði eftir frekari skýringum á þessu mikla tapi

*Pétur Diðriksson* tók til máls og upplýsti að hjá LK væri einnig taprekstur. Mikil þörf á breytingum og að fá nýja sýn á félagskerfi bænda í heild sinni.

*Jón Gíslason* tók til máls varðandi reikningana, vildi sjá nánari sundurliðun á tapinu og velti fyrir sér félagskerfi bænda.

*Eiríkur Blöndal* tók til máls og nefndi hvernig staðan væri hjá dönskum bændum.

*Anton Torfi* tók til máls og skýrði út helstu tölur sem valda taprekstrinum.

*Helgi Már Ólafsson* tók til máls og velti fyrir sér hvort rekstur Sauðfjársstöðvar ætti heima innan Búnaðarsamtakanna.

*Þórhildur Þorsteinsdóttir* tók til máls og rifjaði upp krefjandi spurningar frá síðasta aðalfundi, sem ekki vara svarað þá.

*Anton Torfi* tók aftur til máls og útskýrði sundurliðun á tapinu.

*Kristján Magnússon* tók aftur til máls og gagnrýndi fyrirhugaða leigu á klaufskurðarbás.

**7. Afgreiðsla reikninga**

Fundarstjóri bar reikninga Búnaðarsamtakanna upp til atkvæðagreiðslu.

*reikningar samþykktir samhljóða*

**10. Tillögur lagðar fram**

Þórhildur Þorsteinsdóttir bar fram tillögur frá stjórn BV, ásamt þremur tillögum sem höfðu borist frá Búnaðarfélögum

**11. Nefndarstörf**, Þórhildur lagði fram skipan í nefndir, auk kjörbréfanefndar voru skipaðar allsherjar-og félagsmálanefnd, fjárhagsnefnd. Síðan var skipuð uppstillingarnefnd sem átti að koma með tillögur að nýrri stjórn BV.

Kjörbréfanefnd

Valberg Sigfússon - *formaður*

Unnur Sigurðardóttir

Kristján Magnússon

Allsherjar-og félagsmálanefnd

Pröstur Aðalbjarnarson – *formaður*

Egill Gunnarsson

Helgi Már Ólafsson

Davíð Sigurðsson

Guðmundur Gunnarsson

Svavar Jóhannsson

Kristján Magnússon

Valberg Sigfússon

Hálfván Helgason

Karólína Ísleifsdóttir

Sigurjón Grétarsson

Fjárhagsnefnd

Eiríkur Blöndal – *formaður*

Sigursteinn Hjartarson

Albert Guðmundsson

Kristján Þórðarson

Hannes Magnússon

Jón Þór Marinósson

Jón Ingi Ólafsson

Fanney Þóra Gísladóttir

Sigurjón Helgason

## Fundargerð aðalfundar Búnaðarsamtaka Vesturlands 9. apríl 2018

Unnur Sigurðardóttir

Ásgeir Ásgeirsson

Uppstillingarnefnd

Helgi Már Ólafsson

Egill Gunnarsson

Unnur Sigurðardóttir

### 12. Afgreiðsla mála

*Eiríkur Blöndal kynnti tillögur fjárhagsnefndar:*

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 9. apr. 2018, samþykkir eftirfarandi fjárhagáætlun:

<b>Fjárhagsáætlun fyrir Búnaðarsamtök Vesturlands 2018</b>		
	Áætlun	Raun
	<b>2018</b>	<b>2017</b>
<b>Rekstartekjur</b>		
<b>Seld þjónusta</b>	<b>91.700.000</b>	<b>93.662.788</b>
<b>Starfsfé</b>	<b>15.118.000</b>	<b>15.230.294</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>200.000</b>	<b>194.220</b>
<b>Tekjur alls</b>	<b>107.018.000</b>	<b>109.087.302</b>
<b>Rekstrar gjöld.</b>		
<b>Rekstrarvörur</b>	<b>20.000.000</b>	<b>24.669.898</b>
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	<b>65.000.000</b>	<b>69.469.093</b>
<b>Bifreiða- og ferðakostnaður</b>	<b>11.500.000</b>	<b>13.070.523</b>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>	<b>7.500.000</b>	<b>8.045.960</b>
<b>Samt:</b>	<b>104.000.000</b>	<b>115.255.474</b>
<b>Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>	<b>3.018.000</b>	<b>-6.168.172</b>
<b>Afskriftir</b>	- 4.900.000	-4.890.539
<b>Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsgjöld</b>	- 1.882.000	-11.058.711
<b>Fjármunatekju/ fjármunagj.</b>	- <b>1.400.000</b>	<b>1.301.764</b>
<b>Afkoma dótturfélags (eða aðrar tekjur)</b>		<b>30.153</b>
<b>Mismunur.</b>	- <b>3.282.000</b>	<b>-12.330.322</b>

Eiríkur Blöndal kynnti helstu liði í fjárhagsáætlun.

*Samþykkt samhljóða*



## Fundargerð aðalfundar Búnaðarsamtaka Vesturlands 9. apríl 2018

---

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 9. apríl 2018**, samþykkir að félagsgjald fyrir árið 2019 verði kr. 12.000.-

*Tillagan samþykkt, 2 atkvæði á móti*

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 9. apríl 2018**, samþykkir að laun stjórnarmanna BV og skoðunarmanna reikninga verði óbreytt.

Formaður kr. 150.000 á ári og kr. 10.000.- á fund.

Aðrir stjórnarmenn kr. 50.000.- á ári og kr. 10.000.- á fund.

Varamaður stjórnarmanns kr. 10.000.- á fund.

Skoðunarmenn reikninga kr. 15.000.-

Auk framangreindra launagreiðslna verði greiddur akstur samkvæmt aksturtaxta ríkisins.

*Samþykkt samhljóða*

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 9. apríl 2018**, samþykkir að laun búnaðarþingsfulltrúa verði óbreytt, kr. 10.000.- fyrir hvern fundardag auk fullra dagpeninga.

*Samþykkt samhljóða*

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 9. apríl 2018**, samþykkir að greiddir verði aksturspeningar til aðalfundarfulltrúa, samkvæmt eignum kílómetrum.

Kristján Magnússon tók til máls um tillöguna.

Anton Torfi tók til máls og skýrði hver aksturkostnaður var vegna síðasta aðalfundar.

Jón Gíslason tók til máls um tillöguna.

*Tillagan samþykkt, 1 atkvæði á móti*

**Þröstur Aðalbarnarson kynnti tillögur allsherjar-og félagsmálanefndar:**

*Tillaga frá Búnaðarfélagi Kolbeinsstaðahrepps:*

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands 9. apríl 2018**, skorar á alþingismenn norðvesturkjördæmis að standa fast á því að ekki verði leyfður óheftur innflutingur á fersku kjöti, eggjum og mjólkurvörum.

Fulltrúar frá Búvest óski eftir opnum fundi með þingmönnum kjördæmisins til að fylgja málinu eftir.

*Samþykkt samhljóða*

*Tillaga frá Búnaðarfélagi Mýramanna:*

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands 9. apríl 2018**, beinir því til stjórnar BV að hún beiti sér fyrir því að hraðað verði lagningu þriggja fasa rafmagns á starfssvæði BV eins og kostur er.

Unnin verði áætlun byggð á raunverulegum þörfum notenda og forgangsraða eftir henni.

*Samþykkt samhljóða*

*Tillaga frá Búnaðarfélagi Andakíls:*

**Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 9. apr. 2018**, beinir því til Lbhí, menntamálaráðuneytis og auðlinda- og nýsköpunarráðuneytis að styrkja og efla samkeppnishæfni íslensks landbúnaðarvísinda- mennta- og rannsóknastarf á Íslandi.

- Byggð verði upp aðstaða til rannsókna í búfjár- garð- og jarðrækt við höfuðstöðvar Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og Reykjum.
- Að Landbúnaðarháskóla Íslands sé tryggt nægilegt fjármagn til að starfrækja öflugt rannsóknarstarf þar með talið með rekstri tilrauna- og kennslubúa í búfjár- og jarðrækt.
- Standa vörð um þann aðbúnað sem þegar er til staðar svo efla megi rannsóknir í greininni.

Með uppbyggingu á rannsóknaraðstöðu verði hægt að hægja á flóttu fræðimanna úr stéttinni og efla nýliðun í röðum vísindamanna við stofnunina.

*Samþykkt samhljóða*

### **13. Kosning stjórnar og varastjórnar**

a. Helgi Már Ólafsson kynnti tillögu uppstillingarnefndar að nýrri stjórn. Ákveðið var að kjósa um formanninn. Hlaut Jón Gíslason kosningu með 21 atkvæðum á móti 1.

Tillaga var sett fram um Hannes Adolf Magnússon og Sigrúnu Hönnu Sigurðardóttur til sjórnarkjörs og voru þau kosin með lófataki.

b. Kosning varamanna stjórnarmanna

1. varamaður kosinn Kristján Magnússon, 2. Varamaður kosinn Valberg Sigfússon, 3. Varamaður kosinn Helgi Már Ólafsson.

### **14. Kosning búnaðarþingsfulltrúa og varamanna þeirra**

1. fulltrúi: Jón Gíslason, formaður

2. fulltrúi: Eiríkur Blöndal

3. fulltrúi: Valberg Sigfússon

4. fulltrúi: Ásbjörn K. Pálsson

Varamenn Búnaðarþingsfulltrúa, 1. Þórhildur Þorsteinsdóttir, 2. Sigrún Hanna Sigurðardóttir, 3. Eyjólfur Ingvi Bjarnason, 4. Hannes Adolf Magnússon.

### 15. Kosning skoðunarmanna reikninga

Fundarstjóri lagði fram tillögu að skoðunarmönnum og varamönnum þeirra: Brynjólfur Guðmundsson og Sigurður Jakobsson.

Varamenn þeirra: Hallur Pálsson og Böðvar Bjarki Magnússon.

*Samþykkt með lófataki*

### 16. Önnur mál

Kristján Magnússon tók til máls og ítrekaði að áriðandi væri að hafa klaufskurðarbásinn áfram á svæðinu og sú þjónusta.

Anton Torfi tók til máls og kynnti hugmyndir frá Búnaðarsambandi Vestfjarða um hugsanlega aðild að Búnaðarsamtökum Vesturlands.

Anton Torfi sagði einnig frá fundi um vindmyllur og raforkumál.

Jón Gíslason tók til máls og velti fyrir sér hlutverki BV í framtíðinni.

### 17. Fundarslit

Þórhildur Þorsteinsdóttir, þakkaði fundarmönnum fyrir líflegan og góðan fund,

Hún þakkaði starfsmönnum fundarins og bauð nýjan formann velkominn til starfa. Þakkaði fráfarandi stjórnarmanni góð störf, þakkaði fyrir sig og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar.

Fundarritari

Ingveldur H. Ingibergsdóttir